

Alþingi

Erindi nr. þ 116 / 232

komudagur 3 / 11 1992



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b/t Rögnu Árnadóttur.

Reykjavík 2. nóvember 1992.

Í framhaldi af fundi fulltrúa Verslunarráðs Íslands með nefndinni vill Verslunarráðið koma eftirfarandi athugasemdum á framsæri við fyrirbyggjandi frumvarp til laga um neytendalán. Taka ber fram að miðað er við frumvarpið í þeirri útgáfu sem það er komið í að teknu tilliti til samþykkrá athugasemda.

13. gr.

Verslunarráðið vill ítreka fyrri ummæli sín um þessa grein. Hún er mun víðtækari heldur en kröfur í tilskipunum EB, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar frá 22. desember 1986. Samkvæmt tilskipunum EB er einungis skylda til þess að veita upplýsingar þær sem nefndar eru í 13. gr. frv. í þeim auglýsingum og tilboðum sem höfð eru uppi í starfsstöð þess sem býður lán. Ekki verður séð af hverju þessar upplýsingar þurfa að vera skyldubundnar í auglýsingum hvort heldur er í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur gegn óraunhæfum gylliboðum og EB telur nægilega vernd veitta til þess að ákvæðið eigi aðeins við um auglýsingar/tilboð á þeim stað þar sem gengið verður frá lánsviðskiptunum. Benda má einnig á að þrátt fyrir að þessi grein haldis óbreytt munu neytendur njóta fullnægjandi verndar gagnvart ósönnnum auglýsingum eftir 26. og 27. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 en ákvæði þessi eru tekin upp óbreytt í frumvarpi til samkeppnislaga 20. og 21. grein.

Niðurstaðan er því sú að ákvæði þetta er óþarft bæði hvað varðar neytendavernd og kröfur í tilskipunum EB. Áhrif þess yrðu þau að auglýsingar yrðu heldur hjákátlegar eða auglýsendur myndu ekki auglýsa lánaþyrirgreiðslu í sérstökum tilvikum.

Því er lagt til að 13. gr. hljóði svo:

"Í auglýsingum eða tilboðum á starfsstöð lánveitanda skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð".

5. kafli - framsal.

Í viðskiptum er hægt að greiða fyrir fengna vöru og þjónustu með peningum, viðskiptabréfum eða almennum skuldaviðurkenningum. Ef vanefnd verður af hálfu seljanda s.s. galli í söluhlut, þá getur kaupandi yfirleitt gripið til einhvers konar vanefndaúrræða. Þessi réttur er óháður greiðsluforminu sem á undan var nefnt. Hér ber hins vegar að geta áður en lengra er haldið, að það kann að vera langt í frá óumdeilt hvort vanefnd liggi fyrir, um það getur sýnst sitt hvorum, þ.e. kaupanda og seljanda.

Ef kaupandi hefur greitt fyrir vöruna með peningum getur hann sótt rétt sinn vegna gallans (ef seljandi viðurkennir ekki gallann) fyrir dómstólum. Hann getur hins vegar ekki heimt peningana til baka frá seljandanum, sem nemur verðmati á galla hlutarins, fyrr en að afloknu dómsmáli. Það sama á við ef kaupandi hefur greitt með viðskiptabréfi. Hann getur ekki heimt greiðsluna til baka, þ.e. hann verður að halda áfram að greiða af bréfinu, sem yfirleitt er komið í hendur þriðja aðila sem kom ekki nálægt viðskiptunum. Þannig hefur viðskiptabréf í raun sömu áhrif og peningagreiðsla í viðskiptum manna. Viðskiptabréfið leyfir því engar greiðslumótþáur nema þær sem koma fram á bréfinu sjálfu. Á því byggir styrkur viðskiptabréfa og vilji viðskiptaaðila til þess að taka við þeim sem greiðslu. Viðskiptabréf eru þannig í raun og veru ígildi peninga. Eini

munurinn er sá að kaupandinn finnur fyrir greiðslunni á lengri tíma, heldur en ef um staðgreiðslu væri að ræða.

Almenn skuldaviðurkenning er frábrugðin viðskiptabréfum á þá hund að skuldari glatar ekki mótbáru og þá er átt við greiðslumótbáru þó svo að bréfið sé framselt til þriðja manns. Þetta hefur hins vegar þau áhrif að slíkar almennar skuldaviðurkenningar ganga almennt ekki kaupum og sölum á milli manna, þau eru ekki ígildi peninga, þó að um peningalegt verðmæti sé að ræða.

Í kaflanum um framsal í frumvarpinu er lagt til að grónum meginhefðum varðandi viðskiptabréf verði kastað fyrir róða. Í afborgunarviðskiptum með algengar neytendavörur verði óheimilt að veita þeim viðtöku sem greiðslu. Á þann máta er ætlast til að seljendur vöru og þjónustu fjármagni lán, þar eð þeir munu eiga erfiðara með að selja skuldaviðurkenningar, eða þá sem er líklegra, að kröfur um staðgreiðslu aukist.

Að því er virðist er útfærsla viðskiptaráðuneytisins á kaflanum sem óþarflega ströng. Eðilegasta túlkunin á tilskipuninni er sá að 9. gr. hennar eigi við um almennar kröfur en 10. gr. um viðskiptabréfakröfur. Í 9. gr. tilsk. er rætt um mótbáru rétt vegna viðskiptanna sem krafan var greidd með og það er í samræmi við íslenskan rétt. Hins vegar er í 10. gr. tilsk. rætt um "tilhlýðilega vernd". Slík tilhlýðileg vernd hlýtur að byggjast fyrst og fremst á því að neytendur eigi tryggingu á því að geta fengið endurgreitt ef hlutur reynist gallaður, þó svo að dómstólapref þurfi til að sanna gallann. Hins vegar verður vart séð að tilhlýðilega verndin felist í því að afnema viðskiptabréf sem greiðsluform í afborgunarviðskiptum, enda væri skilningurinn sá hefði verið óþarft að greina á milli almennra krafna og viðskiptabréfkrafna í 9. og 10. gr. tilskipunarinnar.

Verslunarráð leggur til að neytendum verði veitt tilhlýðileg vernd á þann hátt að seljendum neytendavarnings og þjónustu sem frumvarpið tekur til verði gert skylt að hafa tryggingu sem dugi fyrir vanefndakröfum að upphæð 5 milljón króna. Form tryggingarinnar er ekki útfært en eðlilegast væri að um váttryggingu væri að ræða sem yrði greidd út að loknum málaferlum vegna vanefndar (þ.e. þegar aðilar eru ósammála um vanefndina). Með þessu móti væri reynt að tryggja að neytenda byði greiðsla þegar skorið hefði verið úr um réttmæti vanefndarkröfu þeirra, þeim í vil, en komið í veg fyrir að viðskiptabréf sem greiðsluform í afborgunarviðskiptum með neytendavörur verði eyðilagt.

Sú breyting sem orðið hefur í meðferð frumvarpsins á 21. gr. er illskiljanleg og mun valda vandræðum við túlkun síðar. Uphaflega er bann sett við greiðslum með víxli eða annarri skuldaviðurkenningu sem leiðir til mótbárumissis (les. viðskiptabréf). Í nýrri útgáfu er einungis rætt um víxla og ávisanir, en þar er um að ræða ákveðnar tegundir viðskiptabréfa. Með breytingunni hefur ákvæðið verið þrengt og látið taka einungis til sérgreindra viðskiptabréfa. Eftir stendur sú túlkun að Alþingi hafi í meðförum sínum rýmkað ákvæðið og fellt önnur viðskiptabréf undan því heldur en víxla og ávisanir. Ætla ég að svo sé ekki raunin og því er full ástæða til þess að hugað verði að þessu atriði, ef ætlunin er að ákvæðin hafi þau efnisáhrif sem að virðist stefnt skv. upphaflegu frumvarpi og greinargerð með því.

Að því sem að framan er sagt eru eftirfarandi breytingar lagðar til:

Við 20. gr. bætist ný málsgrein við til öryggis og verður 4. mgr.:

"Ákvæði þetta nær þó ekki til viðskiptabréfakrafna".

21. gr. orðist svo:

"Lánveitandi sem gerir lánssamning með viðskiptabréf við neytanda skal eiga tryggingu að upphæð 5.000.000 króna vegna hugsanlegra vanefndakrafna neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki viðskiptabréfum standa

Ráðherra setur nánari ákvæði um þetta efni í reglugerð og er heimilt að hækka áður nefnda upphæð árlega í samræmi við þróun verðlags".

6. og 7. kafli - Kaup með eignarréttarfyrrvara og endurheimt eignarréttar.

Verslunarráð fagnar þeim breytingum sem orðið hafa á þessum kafla en telja að gera megi enn betur þar sem sum þeirra ákvæða sem eftir standa séu í raun óþörf. Verður það nú rökstutt nánar.

24. gr.

Óþörf þar sem fógeti mun ekki framkvæma aðfarargerð og endurheimta hlut þegar neytandi veifar kvittun framan í hann, nema sérstakar ástæður væru til þess. Slik undanþága er veitt vegna sérstakra ástæðna í núverandi 24. gr. og er tíðast átt við það þegar hlutur liggur undir skemmdum vegna illrar meðferðar. Einnig má benda á að þegar greitt hefur verið er skuld ekki lengur í vanskilum en það er skilyrði fyrir endurheimt hlutar að neytandi sé í vanskilum sbr. lokaorð 1. mgr. 22. gr.

Því er lagt til:

"24. gr. verði felld brott".

25. gr.

Óþörf vegna breytinga á 22. gr. sbr. 2. og 4. mgr. 22. gr.

Því er lagt til:

"25. gr. verði felld brott".

26. gr.

Fyrstu tveir málsliðirnir eru óþarfir vegna 3. mgr. 22. gr. en hins vegar væri rétt að 3. málsliður. 26. gr., þ.e. varðandi dómkvadda matsmenn, verði færður og bætt aftan við 22. gr.

Því er lagt til:

" 1. og 2. ml. 26. gr. verði felldir brott. 3. ml. 26. gr. verði 5. mgr. 22. gr."

30. gr.

Verslunarráð hefur ekki athugasemdir við 1. og 3. mgr. greinarinnar. Hins vegar telur ráðið að 2. mgr. megi falla burtu þar sem óeðlilegt sé að setja í lög ákvæði um viðskiptaskyldu. Ráðið telur ófært að aðili sem hefur ekki staðið skil á skuldbindingum sínum og söluhlutur hefur verið endurheimtur frá, eigi kröfu á því að viðkomandi seljandi eigi við hann viðskipti aftur. Tíðast myndu seljendur selja viðkomandi aðila hlutinn gegn staðgreiðslu eins og lagt er til í 2. mgr. en hins vegar telur Verslunarráð að um það ættu þeir að hafa val. Ákvæði sem þetta sem verðlaunar vanskil, er ekki hvetjandi til skilvísí í þjóðfélaginu.

Lagt er til:

"2. mgr. 30 gr. falli brott".


9. kafli

Verslunarráð bendir á að felld hafa verið burtu refsíákvæði og því er kaflaheitið "Refsíákvæði ..." rangnefni. Réttara kaflaheiti væri t.d. "Bótaskylda og gildistaka".

Verslunarráð Íslands er reiðubúið til frekari samvinnu við Efnahags- og viðskiptanefnd og að mæta á fund nefndarinnar til að skýra nánar umræddar breytingatillögur.

Virðingarfyllt

f.h. Verslunarráðs Íslands,


Jónas Fr. Jónsson.